

2291. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn miðvikudaginn 29. mars 2023 og hófst kl. 16:00. Fundurinn var haldinn á Laugardalsvelli.

Mættir stjórnarmenn: Vanda Sigurgeirsdóttir formaður, Borghildur Sigurðardóttir, Sigfús Ásgeir Kárason, Halldór Breiðfjörð Jóhannsson (vék af fundi kl. 20:00), Helga Helgadóttir, Ívar Ingimarsson, Orri Hlökkversson, Pálmi Haraldsson (vék af fundi kl. 19:06), Tinna Hrund Hlynsdóttir og Unnar Stefán Sigurðsson.

Mættur framkvæmdastjóri: Klara Bjartmarz sem ritaði fundargerð.

Fundargögn:

- Fundargerð síðasta fundar (2290)
- Fundargerð aukafundar 21. mars 2023
- Minnisblað vegna LED
- Tillaga til breytinga á reglugerð KSÍ um þáttökugjöld í mótum og dómaramál
- Tillaga til breytinga á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, framlenging á bráðabirgðaákvæði U20 kvenna
- Tillaga til breytinga á knattspyrnulögunum 2023-24. Yfirlit yfir helstu breytingar
- Tillaga mannvirkjanefndar um vallarleyfi
- Yfirlit yfir útgefin þáttökuleyfi
- Minnisblað vegna yfirvofandi banns við notkun innfylliefna
- Handbók leikja
- Samningur KSÍ og fulltrúa landsliða
- Svarbréf UEFA vegna leikja A landsliðs kvenna og A landsliðs karla utan Íslands
- Minnisblað um mótsmiðasölu
- Bréf frá UEFA vegna kosninga

-
1. Starfsreglur stjórnar
 - a. Umræðu um starfshætti stjórnar (starfsreglur stjórnar) var frestað til næsta fundar.
 - b. Undirritun yfirlýsingar um trúnað, virðingu og framkomu í störfum fyrir KSÍ var frestað til næsta fundar.
 2. Fundargerðir síðustu funda voru þegar samþykktar
 - a. Fundargerð 2290.
 - b. Aukafundur stjórnar, 21. mars 2023.
 3. Fundargerðir nefnda voru lagðar fram til kynningar
 - ✓ Mannvirkjanefnd, 15. febrúar og 20. mars 2023.
 - ✓ Dómaranefnd, 22. febrúar 2023.
 - ✓ Mótanefnd, 9. mars 2023.

Sigurður Hlíðar Rúnarsson verkefnastjóri á markaðssviði KSÍ tók sæti á fundinum.

4. Rætt um kaup á nýju LED kerfi á Laugardalsvöll
 - a. Sigurður H. Rúnarsson kynnti forsendur og þau tilboð sem liggja fyrir. *Stjórn samþykkti að ganga til kaupa á nýju LED kerfi og fól skrifstofu KSÍ að koma málinu til framkvæmda með ráðgjöf frá mannvirkjanefnd og tilnefndum stjórnarmönnum sem hafa reynslu í samningagerð af þessari stærðargráðu.*

Sigurður Hlíðar Rúnarsson yfirgaf fundinn.

5. Tekið var til umræðu 77. ársþing KSÍ

- a. Rætt um starfsreglur nýrra nefnda og nefnda með breytt hlutverk. *Stjórn KSÍ samþykkti að fela formönnum þessara nefnda, í samráði við starfsmenn, að undirbúa tillögu að starfsreglum.* Um er að ræða:
 - ✓ Knattspyrnu- og þróunarnefnd (ný)
 - ✓ Markaðsnefnd (ný)
 - ✓ Fræðslunefnd (breytt hlutverk)
 - ✓ Grasrótarnefnd (ný/breytt hlutverk)
- b. Klara Bjartmarz framkvæmdastjóri KSÍ upplýsti stjórn að þinggerð 77. ársþings KSÍ er í vinnslu.
- c. Tillögur samþykktar á þingi færðar í ferli:

Tillaga	Aðgerð
Nr. 7, Lög KSÍ með breytingum	Lagabreyting hefur verið send til ÍSÍ til staðfestingar
Nr. 8, Varaformaður ÍTF	Lagabreyting hefur verið send til ÍSÍ til staðfestingar
Nr. 9, 2. deild kvenna	Lagabreyting hefur verið send til ÍSÍ til staðfestingar
Nr. 11 og 12, Þátttökugjöld og dómaramál	<i>Tillaga LLR um reglugerðarbreytingu var samþykkt.</i>
Nr. 13 og 14 Ljósleiðaratenging og flóðlýsing	<i>Stjórn samþykkti að fela mannvirkjanefnd KSÍ að leggja til útfærslu áður en samþykktir verði felldar inn í reglugerð. Þá var mannvirkjanefnd falið að leita samráðs hjá ÍTF um málið.</i>
Nr. 15, Starfshópur um leyfiskerfi	<i>Stjórn samþykkti að fresta skipan í starfshóp um leyfiskerfið.</i>
Nr. 17, Viðbragðsáætlun	<i>Samþykkt að senda þingsályktunina á öll aðildarfélög.</i>
Nr. 18, Mannvirki og ferðakostnaður	<i>Stjórn samþykkti að senda þingsályktunina á þau ráðuneyti sem málinu tengjast (forsætis, innviða, fjármála og barna- og menningar) svo og Samband ísl. Sveitarfélaga.</i>

- d. Rætt um þær hugmyndir sem þingfulltrúar lögðu fram á þinginu. Frekari umræðu og úrvinnslu frestað.
 - e. Rætt um ársþing 2024-2026. Send verður ítrekun á félög og óskað eftir áhugasömum félögum til að taka þátt í framkvæmd ársþings.
6. Lög og reglugerðir
 - a. *Stjórn KSÍ samþykkti breytingar á knattspyrnulögum (Laws of the game).*
 - b. Rætt um agaviðurlög í bikarkeppni neðri deilda, sbr. umræðu á síðasta stjórnarfundum. *Stjórn KSÍ samþykkti að vísa málinu til mótanefndar til umsagnar.*
 - c. *Stjórn KSÍ samþykkti framlengingu á bráðabirgðaákvæði í Íslandsmóti U20 kvenna.*
 7. Skipan í nefndir og embætti
 - a. *Stjórn KSÍ samþykkti að skipa Borghildi Sigurðardóttir sem fyrsta varaformann og Sigfús Ásgeir Kárason annan varaformann.*
 - b. Stjórn KSÍ samþykkti að skipa eftirtalda í nefndir sambandsins, en nefndaskipan er ekki lokið og frekari umræða um nefndir fer fram á næstu stjórnarfundum:

Dómaranefnd

Halldór B. Jóhannsson, formaður
Bragi Bergmann
Bryndís Sigurðardóttir
Hjalti Þór Halldórsson

Fjárhags- og endurskoðunarnefnd

Borghildur Sigurðardóttir, formaður

Sigfús Ásgeir Kárason
Pálmi Haraldsson
Helga Helgadóttir

Fræðslunefnd

Pálmi Haraldsson, formaður
Gunnar Már Guðmundsson
Sigríður Baxter Þorlákisdóttir
Þórður Einarsson
Örn Ólafsson

Grasrótarnefnd

Trausti Hjaltason, formaður

Laga- og leikreglanefnd

Sigfús Ásgeir Kárason, formaður
Kolbrún Arnardóttir
Margrét Hafsteinsdóttir
Lee Ann Maginnis
Gísli Gíslason

Mannvirkjanefnd

Unnar Stefán Sigurðsson, formaður
Bjarni Þór Hannesson
Inga Rut Hjaltadóttir
Jón Runólfsson
Jón Sigurður Pétursson
Kristján Ásgeirsson
Viggó Magnússon
Þorbergur Karlsson
Eyrún Linnét

Mótanefnd

Helga Helgadóttir, formaður
Björn Friðbjólfsson
Hildur Jóna Þorsteinsdóttir
Linda Hlín Þórðardóttir
Sveinbjörn Másson
Vignir Már Þormóðsson
Þórarinn Gunnarsson
Baldur Már Bragason

Samninga- og félagaskiptanefnd

Borghildur Sigurðardóttir, formaður

Heilbrigðisnefnd

Reynir Björn Björnsson, formaður

Markaðsnefnd

Tinna Hrund Hlynsdóttir, formaður

Knattspyrnu- og þróunarnefnd

Ívar Ingimarsson, formaður

c. Skipan í starfshópa var frestað.

d. Stjórn samþykkti að skipa eftirtalda sem jafnréttisfulltrúa í samræmi við jafnréttisstefnu KSÍ:

- ✓ Tinna Hrund Hlynsdóttir úr stjórn
- ✓ Haukur Hinriksson frá skrifstofu

8. Leyfismál/mannvirkjamál

a. Stjórn KSÍ samþykkti vallarleyfi í samræmi við tillögur mannvirkjanefndar sem hér segir:

Vallarleyfi B - 2023

Skilyrði fyrir þátttöku í Bestu deild karla

Vellir með vallarleyfi til 31/12 2023

Akranesvöllur, Framvöllur, Fylkisvöllur, Grindavíkuvöllur, Hásteinsvöllur, Hlíðarendi, Kaplakrikavöllur, Keflavíkuvöllur, Kópavogsvöllur*, Kórinn, KR-völlur og Víkingsvöllur.

* með fyrirvara um gilda prófun á gervigrasi skv. reglugerð.

Mannvirkjanefnd leggur til að eftirfarandi velli verði veitt vallarleyfi B til 31.12.2024:
Stjörnuvöllur

Mannvirkjanefnd leggur til að eftirfarandi velli verði veitt vallarleyfi B til 31.12.2023:
KA-völlur, undanþága vegna fjölda sæta og þaks á stúku.

Umsókn Stjórnunnar um vallarleyfi fyrir Miðgarð

Stjarnan sækir um að Miðgarður verði varavöllur Stjórnunnar í Bestu deild karla og Bestu deild kvenna. Umræður um aðstöðu áhorfenda og lofthæð húss. Afgreiðslu vallarleyfis frestað til næsta fundar.

Vallarleyfi C – 2023

Skilyrði fyrir þátttöku í Bestu deild kvenna og Lengjudeild karla

Vellir með vallarleyfi til 31/12 2023

Gróttuvöllur, Varmárvöllur gervigras*.

Mannvirkjanefnd leggur til að eftirfarandi völlum verði veitt vallarleyfi C til 31.12.2024:
Fjölnisvöllur, Leiknisvöllur, Njarðvíkuvöllur, Sauðárkróksvöllur* Selfossvöllur, Þórsvöllur, Þróttarvöllur.*

* með fyrirvara um gilda prófun á gervigrasi skv. reglugerð.

Mannvirkjanefnd leggur til að eftirfarandi völlum verði veitt vallarleyfi C til 31.12.2023:
Torfnesevöllur og Þorlákshafnarvöllur.
Undanþága þar sem vellirnir eru ekki girtir af með fullnægjandi hætti.

Málum frestað til næsta fundar

Þróttur sækir um vallarleyfi fyrir Þróttheimi sem er nýr gervigrasvöllur þar sem Valbjarnarvöllur var áður. Það mál þarfnast frekari skoðunar.

b. Staða þátttökuleyfa

Fundur leyfisráðs KSÍ voru haldnir að venju í marsmánuði og var síðari fundur ráðsins haldinn sl. föstudag. Öll 34 félögin innan leyfiskerfisins hafa fengið þátttökuleyfi fyrir keppnistímabilið 2023 en í leyfiskerfinu eru félög í Bestu deildum karla og kvenna og Lengjudeild karla. Á fyrri fundi leyfisráðs sem haldin var 16. mars voru gefin út 10 leyfi og á þeim síðari voru gefin út 24 leyfi.

Umsóknir félaga um þátttökuleyfi 2023 voru samþykkt af leyfisráði með fyrirvara um afgreiðslu stjórnar KSÍ á tillögum mannvirkjanefndar um vallarleyfi fyrir keppnistímabilið 2023.

- c. Stjórn KSÍ ræddi um stöðu væntanlegs banns á örplastefni á gervigrasvöllum. *Samþykkt að beina þeim óskum til mannvirkjanefndar að skipuleggja málþing um bannið eftir að niðurstaða um aðlögunartíma hjá Evrópusambandinu liggur fyrir í lok apríl.*

9. Handbók leikja

- a. *Stjórn KSÍ samþykkti Handbók leikja 2023.*

10. Verkefni milli funda

- a. Tekinn var afgreiðslu samningur við fulltrúa KSÍ í landsliðsliðsverkefnum. Samráðsferli er lokið og búið er að bregðast við þeim athugasemdum sem bárust í ferlinu. Stjórn gerði nokkrar athugasemdir og fól framkvæmdastjóra og lögfræðingi KSÍ að uppfæra samninginn til samræmis. Stjórn samþykkti samninginn, en einnig að samningsformið verði endurskoðað eftir ár.
- b. Rætt um viðræður sem hafa átt sér stað við forsætisráðuneytið um mögulegan starfshóp um kynjajafnrétti innan knattspyrnuhreyfingarinnar. Formaður og framkvæmdastjóri funda með fulltrúum ráðuneytisins síðar í vikunni og hafa til hliðsjónar á fundinum þau sjónarmið sem fram komu á stjórnarfundi með hlutverk og skipan starfshópsins.
- c. *Stjórn KSÍ samþykkti að fela formanni og framkvæmdastjóra að taka til skoðunar og leggja drög að stofnun fagráðs KSÍ.* Málið verður tekið til aftur til umræðu og ákvörðunar á komandi stjórnarfundum.

11. Mótamál

- a. Helga Helgadóttir formaður mótanefndar fór yfir það sem ber hæst á baugi í mótamálum. *Stjórn KSÍ samþykkti færslur milli deilda sem gefnar voru út með fyrirvara um samþykkt stjórnar:*
 - ✓ Hamrarnir frá Akureyri hafa hætt þátttöku í 4. deild karla. Í samræmi við fyrri ákvarðanir í sambærilegum málum er samþykkt að leggja til við stjórn KSÍ að KÁ taki sæti Hamranna í 4. deild karla og KM taki sæti KÁ í 5. deild karla.
 - ✓ Þá var tillaga mótanefndar um færslu milli deilda vegna úrsagnar GG úr 4.deild karla rædd.
 - ✓ Greint frá erindi ÍTF um að KSÍ endurveki keppni varaliða.
- b. Dómaramál
Framkvæmdastjóri upplýsti stjórn um stöðu samningsviðræðna við FDD. *Stjórn samþykkti að fela framkvæmdastjóra og formanni fjárhagsnefndar að ljúka samningi við dómara.*

12. Landsliðsmál

- a. Rætt um leikstaði fyrir mögulegt umspil A landsliða og svarbréf UEFA um leyfi til þess að leika heimaleiki utan Íslands lagt fram. UEFA getur ekki staðfest leyfi til handa KSÍ fyrir heimaleiki utan Íslands í nóvember, febrúar og mars á næstu árum.
- b. Rætt var ítarlega um stöðu A landsliðs karla og var það samdóma álit stjórnar að síðasti landsliðsgluggi hafi verið vonbrigði. Ljóst er að trú á þá vegferð sem liðið er á hefur dvínað og ákveðið að ræða málið nánar á framhaldsfundi daginn eftir.

13. Önnur mál

- a. Frestað var tillögu starfshóps um félagaskiptaglugga um stofnun annars starfshóps.
- b. Rætt um kosningar á UEFA þinginu sem fram fer 5. apríl 2023 í Lissabon. *Stjórn KSÍ samþykkti að gefa sendinefnd KSÍ umboð stjórnar til að greiða atkvæði sambandsins.*
- c. Rætt um Íþróttaping ÍSÍ, 5.-6. maí 2023.

d. Næstu stjórnarfundir:

- ✓ 12. apríl (varamenn boðaðir á hluta fundarins)
- ✓ 3. maí (á Akranesi)
- ✓ 24. maí
- ✓ 14. júní
- ✓ 20. júní (stjórn, varamenn og landshlutafulltrúar)

Fleira var ekki tekið til umræðu og var fundi frestað kl. 20:45.

Fundi var framhaldið kl. 13:00 fimmtudaginn 30. mars 2023 og fór fram á teams.

Mættir stjórnarmenn: Vanda Sigurgeirsdóttir formaður, Borghildur Sigurðardóttir varaformaður, Sigfús Ásgeir Kárason varaformaður, Halldór Breiðfjörð Jóhannsson, Helga Helgadóttir, Ívar Ingimarsson, Orri Hlökkversson, Pálmi Haraldsson, Tinna Hrund Hlynsdóttir og Unnar Stefán Sigurðsson.

Mættur framkvæmdastjóri: Klara Bjartmarz sem ritaði fundargerð.

Á dagskrá fundar var framhaldið umræðu um stöðu þjálfara A landsliðs karla.

Stjórn KSÍ samþykkti að leysa Arnar Þór Viðarsson landsliðsþjálfara A landsliðs karla frá starfsskyldum sínum frá og með deginum í dag, 30. mars 2023. Stjórn KSÍ samþykkti að fela formanni KSÍ, Vöndu Sigurgeirdóttur, að leiða ferlið við tilkynningu til landsliðsþjálfara um ákvörðun stjórnar og hefja leit að nýjum landsliðsþjálfara.

Fleira var ekki tekið til umræðu og var fundi slitið kl. 13:40.

Klara Bjartmarz
Fundarritari